

1968 nr. 14 1. október**Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis**

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum,

sem telja að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé reistur á meginreglum um meðfædda göfgi og jafnrétti allra manna og að öll aðildarríki hafi skuldbundið sig, í samvinnu við samtök-in, til þess að grípa til sameiginlegra og sérstakra aðgerða til þess að ná því markmiði Sameinuðu þjóðanna að stuðla að og efla almenna virðingu fyrir og varðveislu mannréttinda og grundvallarfrelsis allra manna, án greinarmunar vegna kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða,

sem telja að mannréttindayfirlýsingin lýsi yfir því að allir menn séu fæddir frjálssir og með jafna göfgi og réttindi og að allir eigi rétt á þeim réttindum og frelsi sem talin eru þar, án nokkurs greinarmunar, sérstaklega vegna kynþáttar, litarháttar eða þjóðernisuppruna,

sem telja að allir menn séu jafnir fyrir lögnum og eigi rétt á sömu lagavernd gegn öllu misrétti og allri hvatningu til misréttis,

sem telja að Sameinuðu þjóðirnar hafi fordæmt nýlendu-stefnu og öll afbrigði aðskilnaðar og misréttis tengd henni, hvernig og hvar sem þau birtast, og að yfirlýsing um veitingu sjálfstæðis til handa nýlendum og nýlenduþjóðum frá 14. desember 1960 (ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 1514 (XV)) hafi staðfest og af fullri alvöru lýst yfir nauðsyn þess að ráða með skjóttum hætti og skilyrðislaust niðurlögum þeirra,

sem telja að yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 20. nóvember 1963 (ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 1904 (XVIII)) staðfesti af fullri alvöru nauðsyn þess að hraða afnámi kynþáttamisréttis í heiminum í hverri mynd sem það birtist og að tryggja skilning á og virðingu fyrir göfgi hvers manns,

sem eru sannfærð um að allar kenningar um yfirburði á grundvelli kynþáttar séu vísindalega rangar, siðferðislega fordæmanlegar, félagslega óréttlátar og hættulegar og að kynþáttamisrétti sé aldrei og hvergi réttlætunlegt, hvorki fræðilega né í framkvæmd,

sem ítreka að misrétti á milli manna vegna kynþáttar, litarháttar eða þjóðlegrar uppruna hindrar vinsamleg og friðsamleg samskipti á milli þjóðríkja og getur raskað friði og öryggi milli þjóða og sátt á milli manna sem lifa í nábýli, jafnvel innan sama ríkis,

sem eru sannfærð um að hindranir á grundvelli kynþáttar séu ósamrýmanlegar hverju mannlegu samfélagi,

sem eru uggandi um að kynþáttamisrétti birtist enn í sumum heimshlutum og í stefnu ríkisstjórna sem byggja á kynþáttayfirburðum eða óvild, svo sem kynþáttaaðskilnaðarstefnu, aðskilnaði eða sundurgreiningu,

sem eru staðráðin í að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hraða afnámi kynþáttamisréttis í hverri mynd sem það birtist og hindra og berjast gegn kynþáttahatri í kenningum og framkvæmd til þess að efla skilning á milli kynþátta og byggja alþjóðlegt samfélag sem er laust við hvers konar kynþáttaaðskilnað og kynþáttamisrétti,

sem hafa í huga samning um misrétti með tilliti til atvinnu og starfa samþykktan af Alþjóðavinnuáráðstjórnuninni árið 1958 og samning um bann við misrétti í menntun samþykktan af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1960,

sem hafa vilja til að koma í framkvæmd meginreglum sem birtast í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis og til að tryggja að sem fyrst verði gripið til raunhæfra aðgerða til að ná markmiði þeirra,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. hluti.**■ 1. gr.**

□ 1. Í samningi þessum merkir „kynþáttamisrétti“ hvers kyns aðgreiningu, útilokun, takmörkun eða forgang sem byggður er á kynþætti, litarhætti, ætterni eða þjóðernis- eða þjóðlegum uppruna sem hefur það markmið eða þau áhrif að koma í veg fyrir eða hamlar að hægt sé að fá viðurkennd eða geta notið eða framfylgt á jafnræðisgrundvelli, mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála eða öðrum opinberum vettvangi.

□ 2. Samningur þessi skal ekki gilda um aðgreiningu, útilokun, takmarkanir eða forgang sem aðildarríki að samningnum veita ríkisborgurum sínum fram yfir aðra.

□ 3. Ekkert í samningi þessum skal túlkað svo að það hafi á nokkurn hátt áhrif á lagaákvæði í aðildarríkjum sem varða þjóðerni, ríkisborgararétt eða veitingu þegnrettar, að því tilskildu að í slíkum ákvæðum felist ekki mismunun á milli þjóðerna.

□ 4. Sérstakar aðgerðir eingöngu í því skyni að tryggja framgang hópa af ákveðnum kynþætti eða þjóðlegum uppruna eða einstaklinga sem þarfnast slíkrar verndar og geta verið nauðsynlegar til þess að tryggja að slíkir hópar eða einstaklingar geti notið eða framfylgt til jafns við aðra mannréttindum og grundvallarfrelsi skal ekki litið á sem kynþáttamisrétti. Þó að því tilskildu að slíkar aðgerðir leiði ekki til þess að viðhaldið sé sérstökum réttindum fyrir mismunandi hópa kynþátta og þeim sé ekki fram haldið eftir að upprunalegu markmiði þeirra hefur verið náð.

■ 2. gr.

□ 1. Aðildarríki fordæma kynþáttamisrétti og skuldbinda sig til að fylgja eftir tafarlaust með öllum viðeigandi ráðum stefnu um afnám kynþáttamisréttis í öllum myndum og til að efla skilning á milli allra kynþátta, og til að ná þessu markmiði:

(a) Skuldbindur hvert aðildarríki sig til að eiga engan þátt í aðgerð eða framkvæmd sem í felst kynþáttamisrétti gegn mönnum, hópi manna eða stofnunum og tryggja að stjórnvöld og opinberar stofnanir hagi gerðum sínum í samræmi við þessa skyldu.

(b) Skuldbindur hvert aðildarríki sig til að hvorki styrkja, verja né styðja kynþáttamisrétti nokkurra manna eða samtaka.

(c) Skuldbindur hvert aðildarríki sig til að gera raunhæfar ráðstafanir til að endurskoða stefnu ríkisstjórnar og stjórnvalda og að breyta, ógilda eða fella úr gildi öll lög og reglur sem eru til þess fallin að skapa eða viðhalda kynþáttamisrétti, á öllum sviðum.

(d) Skuldbindur hvert aðildarríki sig til að banna og binda enda á, með öllum viðeigandi ráðum, þar með talið í löggjöf þar sem slíkt er nauðsynlegt, kynþáttamisrétti meðal allra manna, hóps eða samtaka.

(e) Skuldbindur hvert aðildarríki sig til að efla, þar sem slíkt á við, samtök og hreyfingar sem vinna að sameiningu kynþátta og afnámi hindrana á grundvelli kynþáttar og vinna gegn öllu sem hneigist til að styrkja kynþáttaaðgreiningu.

□ 2. Aðildarríki skulu, þegar aðstæður leyfa, grípa til sérstakra og raunhæfra aðgerða á sviði félags-, efnahags- og

menningarmála og á öðrum sviðum til þess að tryggja nægilega þróun og vernd ákveðinna hópa kynþátta eða einstaklinga innan þeirra í því skyni að ábyrgjast að þeir geti að öllu leyti og til jafns við aðra notið mannréttinda og grundvallarfrelsis. Þessar ráðstafanir skulu þó á engan hátt hafa þær afleiðingar að mismunandi hópar kynþátta njóti ójafna eða sérstakra réttinda á við aðra eftir að markmiðum þeirra hefur verið náð.

■ 3. gr.

□ Aðildarríki fordæma sérstaklega aðgreiningu kynþátta og kynþáttaaðskilnað og skuldbinda sig til að hindra, banna og uppræta alla iðkun af slíkum toga innan lögsögu sinnar.

■ 4. gr.

□ Aðildarríki fordæma allan áróður og öll samtök sem byggja á hugmyndum eða kenningum um yfirburði eins kynþátta eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reyna að réttlæta eða hvetja til kynþáttahatus og misréttis í hvers konar mynd, og skuldbinda sig til að gera skjótar og jákvæðar ráðstafanir til þess að uppræta alla hvatningu til eða aðgerðir vegna slíks misréttis með tilliti til meginreglna mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem eru talin í 5. gr. þessa samnings, meðal annars að:

(a) Gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða óvild, hvatningu til kynþáttamisréttis svo og öll ofbeldisverk eða hvatningu til slíkra verka gegn hvaða kynþætti sem er eða hópi manna af öðrum litarhætti eða þjóðlegum uppruna og einnig allar ráðstafanir til aðstoðar aðgerðum kynþáttahata, þar með talda fjármögnun.

(b) Lysa ólögleg og banna samtök og einnig skipulagða og alla aðra áróðursstarfsemi sem stuðlar að og hvetur til kynþáttamisréttis og skal gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum.

(c) Banna stjórnvöldum og opinberum stofnunum að stuðla að og hvetja til kynþáttamisréttis.

■ 5. gr.

□ Til að uppfylla grundvallarskyldur sem lýst er í 2. gr. samnings þessa skuldbinda aðildarríki sig til að banna og afnema kynþáttamisrétti í öllum myndum og að ábyrgjast öllum rétt til jafnræðis fyrir lögunum, án nokkurs greinarmunar vegna kynþátta, litarháttar, þjóðernis- eða þjóðlegs uppruna, sérstaklega varðandi eftirtalin réttindi:

(a) Rétt til að hljóta jafna meðferð fyrir dómstólum og öðrum aðilum sem fara með réttarvörslu.

(b) Rétt til mannhelgi og verndar ríkisins gegn ofbeldi og líkamlegum skaða, hvort það stafar frá opinberum starfsmönnum, eða hópi einstaklinga eða stofnun.

(c) Stjórnsmálaleg réttindi, sérstaklega rétt til að taka þátt í kosningum — að kjósa og vera kjörinn í kosningum — þar sem almennur og jafn kosningaréttur gildir, að taka þátt í ríkisstjórn sem og opinberri stjórnun á öllum stigum og að hafa jafnan aðgang að opinberu starfi.

(d) Önnur borgaraleg réttindi, sérstaklega:

(i) Rétt til frjálsrar farar og rétt til að velja sér dvalarstað innan landsvæðis ríkis.

(ii) Rétt til að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið land, og rétt til endurkomu til eigin lands.

(iii) Rétt til þjóðernis.

(iv) Rétt til að giftast og velja maka.

(v) Rétt til að eiga eignir, einn eða í félagi við aðra.

(vi) Rétt til að njóta erfðaréttar.

(vii) Rétt til frjálsrar hugsunar, samvisku og trúar.

(viii) Rétt til skoðana- og tjáningarfrelsis.

(ix) Rétt til að koma saman með friðsömum hætti og til félagarfrelsis.

(e) Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sérstaklega:

(i) Rétt til vinnu, til frjáls vals á atvinnu, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, til verndar gegn atvinnuleysi, til jafnra launa fyrir jafna vinnu og til sanngjarnra og hagstæðra launa.

(ii) Rétt til að stofna og ganga í verkalýðsfélög.

(iii) Rétt til húsnæðis.

(iv) Rétt til opinberrar heilsugæslu, læknisástoðar, félagslegs öryggis og félagslegrar þjónustu.

(v) Rétt til menntunar og fræðslu.

(vi) Rétt til jafnrar þátttöku í menningarlífi.

(f) Rétt til aðgangs að öllum stöðum eða þjónustu sem veitt er almenningi, svo sem að samgöngutækjum, hótelum, veitingahúsum, kaffihúsum, leikhúsum og almenningsgöðum.

■ 6. gr.

□ Aðildarríki skulu tryggja öllum innan lögsögu sinnar raunhæfa vernd og úrræði, með til þess bærum dómstólum eða öðrum ríkisstofnunum, vegna allra athafna sem í felst kynþáttamisrétti og brjóta gegn mannréttindum þeirra og grundvallarfrelsi samkvæmt samningi þessum, og einnig rétt til þess að krefjast fyrir slíkum dómstólum sanngjarnra og fullnægjandi skaðabóta eða greiðslna fyrir tjón sem leiða má af slíku misrétti.

■ 7. gr.

□ Aðildarríki skuldbinda sig til að gera skjótar og raunhæfar ráðstafanir, sérstaklega á sviði kennslu, menntunar, menningar og upplýsinga, í því skyni að berjast gegn fordómum sem leiða til kynþáttamisréttis og að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu á milli þjóða og kynþáttahópa eða þjóðlegra hópa, samhliða því að kynna markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna, mannréttindayfirlýsingarinnar, yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis og samnings þessa.

II. hluti.

■ 8. gr.

□ 1. Stofna skal nefnd um afnám alls kynþáttamisréttis (hér eftir kölluð nefndin) skipaða átján sérfræðingum, vammlausum og þekktum að óhlutdrægni, sem eru kjörnir af aðildarríkjum úr hópi þegna sinna, og skulu þeir skipa sæti sitt sem einstaklingar. Við val þeirra skal tekið tillit til landfræðilegrar dreifingar og að þeir séu fulltrúar mismunandi menningarsvæða svo og helstu lagakerfa.

□ 2. Nefndarmenn skulu kjörnir í leynilegri kosningu af skrá um menn sem aðildarríki hafa tilnefnt. Hvert aðildarríki getur tilnefnt einn mann úr hópi þegna sinna.

□ 3. Fyrsta kosning skal fara fram sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir hverja kosningu skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda aðildarríkjum bréf og bjóða þeim að senda tilnefningar sínar innan tveggja mánaða. Aðalframkvæmdastjóri skal gera skrá í stafrófsröð um alla þá sem eru tilnefndir, þar sem getið er aðildarríkja sem tilnefndu þá, og leggja hana fyrir aðildarríkin.

□ 4. Kosning nefndarmanna skal fara fram á fundi aðildarríkja sem aðalframkvæmdastjóri kallar saman í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Á fundinum, sem er lögmætur ef hann er sóttur af tveimur þriðju aðildarríkjana, teljast kosnir

í nefndina þeir tilnefndra sem hljóta flest atkvæði og hreinan meirihluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

□ 5. (a) Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Þó rennur kjörtímabil ný nefndarmanna sem kjörnir eru í fyrstu kosningunni út að tveimur árum liðnum. Formaður nefndarinnar skal velja nöfn þessara ný nefndarmanna með hlutkesti þegar er fyrsta kosning hefur farið fram.

(b) Nú losnar sæti í nefndinni, og skal þá aðildarríki sem viðkomandi sérfræðingur í nefndinni kom frá, tilnefna annan sérfræðing úr hópi þegna sinna og er tilnefningin háð samþykki nefndarmanna.

□ 6. Aðildarríki standa straum af kostnaði nefndarmanna vegna starfa þeirra fyrir nefndina.

■ 9. gr.

□ 1. Aðildarríki skuldbinda sig til að skila aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til athugunar fyrir nefndina, skýrslu um ráðstafanir sem þau hafa gert á sviði löggjafar, réttarvörslu og stjórnsýslu eða aðrar ráðstafanir sem þau hafa gert til þess að fylgja eftir ákvæðum samnings þessa: (a) innan eins árs frá því er samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi ríki og (b) síðan á tveggja ára fresti og hvenær sem nefndin óskar þess. Nefndin getur óskað frekari upplýsinga frá aðildarríkjum.

□ 2. Nefndin skal árlega, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra, gera allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna grein fyrir starfsemi sinni og gera tillögur og almennar ábendingar á grundvelli athugunar á skýrslum og upplýsingum sem henni hafa borist frá aðildarríkjum. Skal allsherjarþinginu gerð grein fyrir slíkum tillögum og almennum ábendingum, ásamt athugasemdum frá aðildarríkjum ef einhverjar eru.

■ 10. gr.

□ 1. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

□ 2. Nefndin kysir embættismenn sína til tveggja ára.

□ 3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá nefndinni fyrir skrifstofu.

□ 4. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

■ 11. gr.

□ 1. Telji aðildarríki að annað aðildarríki framfylgi ekki ákvæðum samnings þessa getur það vakið athygli nefndarinnar á því. Nefndin skal þá senda erindið til þess aðildarríkis sem á í hlut. Aðildarríkið sem við því tekur skal innan þriggja mánaða skila nefndinni skriflegum skýringum eða yfirlýsingu til útskýringar á málinu og um úrbætur sem ríkið hefur gert, ef einhverjar eru.

□ 2. Náist ekki ásættanleg niðurstaða í málinu fyrir báða aðila, hvorki með tvíhliða samningaviðræðum né með einhverjum öðrum úrræðum sem þeim standa til boða, innan sex mánaða frá því að upprunalega erindið barst viðkomandi ríki, hefur hvort ríki rétt til þess að vísa málinu aftur til nefndarinnar með því að tilkynna nefndinni um það, svo og hinu ríkinu.

□ 3. Nefndin skal fjalla um mál sem vísað er til hennar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar eftir að hún hefur fengið fulla vissu fyrir því að allra tiltækra úrræða hafi verið leitað innanlands í málinu og þau tæmd, í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar. Þetta á þó ekki við ef beiðing slíkra úrræða dregst óháfilega á langinn.

□ 4. Nefndin getur leitað allra upplýsinga sem máli skipta hjá hlutaðeigandi aðildarríkjum varðandi mál sem er vísað til hennar.

□ 5. Þegar mál eru til athugunar hjá nefndinni samkvæmt þessari grein, hafa viðkomandi aðildarríki rétt til að senda fulltrúa sinn til að taka þátt í meðferð málsins fyrir nefndinni án atkvæðisréttar, á meðan það er til athugunar.

■ 12. gr.

□ 1. (a) Eftir að nefndin hefur mótttekið og safnað saman öllum upplýsingum sem hún álitur nauðsynlegar, skal formaðurinn skipa sérstaka sáttanefnd (hér eftir kölluð sáttanefndin) sem í sitja fimm menn og geta þeir hvort heldur verið nefndarmenn eða aðrir. Menn skulu skipaðir í sáttanefndina með einróma samþykki aðila að deilunni, og skal hún veita hlutaðeigandi ríkjum liðsinni sitt með það fyrir augum að komast að vinsamlegri lausn í málinu, byggðri á virðingu fyrir samningi þessum.

(b) Takist aðildarríkjum að deilunni ekki að ná samkomulagi innan þriggja mánaða um val manna í sáttanefndina, að hluta eða öllu leyti, skulu þeir sáttanefndarmenn sem aðildarríkin að deilunni ná ekki samkomulagi um kjörnir úr hópi nefndarmanna í leynilegri kosningu með tveimur þriðju hlutum atkvæða.

□ 2. Sáttanefndarmenn skipa sæti sitt sem einstaklingar. Þeir mega hvorki vera þegnar hlutaðeigandi aðildarríkja að deilunni né þegnar ríkis sem er ekki aðili að samningi þessum.

□ 3. Sáttanefndin kysir sér sjálf formann sinn og setur sér starfsreglur.

□ 4. Fundir sáttanefndarinnar skulu að jafnaði haldnir í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna eða á öðrum hentugum stað samkvæmt ákvörðun sáttanefndarinnar.

□ 5. Skrifstofa sú sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 10. gr. þessa samnings skal einnig starfa fyrir sáttanefnd, hvenær sem hún er skipuð vegna deilu á milli aðildarríkja.

□ 6. Aðildarríki að deilunni bera að jöfnu kostnað vegna manna í sáttanefndinni, í samræmi við áætlun þess efnis sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna gerir.

□ 7. Aðalframkvæmdastjóra er heimilt, ef nauðsyn krefur, að greiða kostnað vegna manna í sáttanefndinni áður en endurgreiðsla fæst frá aðildarríkjum að deilunni í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar.

□ 8. Upplýsingar sem nefndin hefur fengið og safnað saman skulu vera sáttanefndinni til reiðu og getur sáttanefndin skorad á hlutaðeigandi ríki að láta á té allar upplýsingar sem máli skipta.

■ 13. gr.

□ 1. Þegar sáttanefndin hefur athugað málið til hlítar skal hún leggja fyrir formann nefndarinnar skýrslu þar sem fram kemur niðurstaða hennar um öll atriði sem varða staðreyndir málsins milli aðila svo og tillögur sem telja má viðeigandi til að ná vinsamlegri lausn deilunnar.

□ 2. Formaður nefndarinnar skal senda skýrslu sáttanefndarinnar til hvers aðildarríkis sem hlut á að deilunni. Þessi ríki skulu, innan þriggja mánaða, kynna formanni nefndarinnar hvort þau fallast á tillögurnar í skýrslu sáttanefndarinnar eða ekki.

□ 3. Þegar liðinn er sá tími sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, skal formaður nefndarinnar senda skýrslu sáttanefndarinnar og yfirlýsingar hlutaðeigandi aðildarríkja til annarra aðildarríkja að samningi þessum.

■ 14. gr.

□ 1. Aðildarríki getur hvenær sem er lýst yfir að það viðurkenni lögbærni nefndarinnar til að taka á móti og athuga erindi frá einstaklingum eða hópum einstaklinga innan lögsögu þess er halda því fram að aðildarríkið hafi brotið á þeim

réttindi þau sem lýst er í samningi þessum. Nefndin skal ekki taka á móti neinu erindi varðandi aðildarríki sem hefur ekki gefið slíka yfirlýsingu.

□ 2. Hverju ríki sem gefur yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að stofna eða tilnefna aðila, samkvæmt innanlandsrétti sínum, sem er bær til þess að taka á móti og athuga erindi frá einstaklingum eða hópum einstaklinga innan lögsögu þess, er halda því fram brotin hafi verið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningi þessum og hafa tæmt önnur tiltæk innlend úrræði.

□ 3. Yfirlýsing sem gefin er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og nafn aðila sem stofnaður er eða tilnefndur samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal hlutaðeigandi aðildarríki afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda afrit af henni til annarra aðildarríkja. Heimilt er að afturkalla yfirlýsingu hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra, en slík afturköllun hefur þó ekki áhrif á erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni.

□ 4. Halda skal skrá yfir erindi hjá aðilum sem stofnsettir eru eða tilnefndir samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar og staðfest afrit af skránni skulu árlega lögð inn í skjalasafn aðalframkvæmdastjóra eftir viðeigandi boðleiðum, með það í huga að efni hennar verði ekki birt opinberlega.

□ 5. Í þeim tilvikum þar sem ekki tekst að fá leiðréttingu hjá aðila sem er stofnaður eða tilnefndur samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar er kæranda heimilt innan sex mánaða að bera mál sitt undir nefndina.

□ 6. (a) Nefndin skal í trúnaði greina aðildarríki frá því að henni hafi borist erindi um að það hafi brotið ákvæði samnings þessa, en ekki skal greint frá nafni hlutaðeigandi einstaklings eða hópa einstaklinga nema skýlaust samþykki þeirra liggja fyrir. Nefndin skal ekki taka á móti nafnlausum erindum.

(b) Innan þriggja mánaða skal hlutaðeigandi ríki senda nefndinni skriflegar útskýringar eða yfirlýsingu til skýringar á málinu og lýsa úrbótum sem það hefur gert, ef einhverjar eru.

□ 7. (a) Nefndin skal athuga erindi með hliðsjón af öllum upplýsingum sem hlutaðeigandi aðildarríki og kæranda hafa látið henni í té. Nefndin skal ekki taka til athugunar erindi frá kæranda fyrr en hún hefur fengið vissu fyrir því að kærandi hafi tæmt öll tiltæk úrræði innanlands. Þetta á þó ekki við ef beiting úrræðanna dregst á langinn.

(b) Nefndin skal koma tillögum sínum og ráðleggingum á framfæri, ef einhverjar eru, við hlutaðeigandi ríki og kærandaann.

□ 8. Nefndin skal í ársskýrslu sinni birta samantekt um slík erindi og, þar sem við á, samantekt um greinargerðir og yfirlýsingar hlutaðeigandi aðildarríkja svo og um eigin tillögur og ráðleggingar.

□ 9. Nefndin er aðeins bær til þess að fara með störf þau sem lýst er í þessari grein, þegar að minnsta kosti tíu aðildarríki hafa gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

■ 15. gr.

□ 1. Þar til náð hefur verið markmiðum yfirlýsingar um veitingu sjálfstæðis til handa nýlendum og nýlenduþjóðum með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 1514 (XV) frá 14. desember 1960 skulu ákvæði samnings þessa í engu rýra kærurétt sem þessum þjóðum er veittur í öðrum alþjóðlegum samningum eða af Sameinuðu þjóðunum eða sérstökum stofnunum þeirra.

□ 2. (a) Nefndin sem stofnuð er samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þessa samnings skal fá afrit erinda, og senda álit sitt og ráðleggingar varðandi þessi erindi, til aðila á vegum Sameinuðu þjóðanna sem fást við málefni sem tengjast með beinum hætti meginreglum og markmiðum samnings þessa er þeir taka til athugunar erindi frá íbúum gæsluverndarlendna og lendna sem ekki ráða sér sjálfar og allra annarra landsvæða sem samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 1514 (XV) nær til og varða málefni sem samningur þessi nær til og eru til meðferðar hjá þessum aðilum.

(b) Nefndin skal fá, frá til þess bærnum stofnunum á vegum Sameinuðu þjóðanna, afrit af skýrslum um ráðstafanir á sviði löggjafar, réttarvörslu, stjórnsýslu eða aðrar ráðstafanir sem tengjast með beinum hætti meginreglum og markmiðum samnings þessa sem beitt er af stjórnvöldum á landsvæðum sem nefnd eru í lið (a) þessarar málsgreinar og gefa álit sitt og veita ráðleggingar til þessara aðila.

□ 3. Nefndin skal í skýrslu sinni til allsherjarþingsins birta samantekt um erindi og skýrslur sem hún hefur fengið frá stofnunum Sameinuðu þjóðanna og álit og ráðleggingar sem nefndin hefur gefið sem varða áðurgreind erindi og skýrslur.

□ 4. Nefndin skal fara þess á leit við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að fá allar upplýsingar, sem varða markmið þessa samnings og hann hefur aðgang að, varðandi landsvæði sem nefnd eru í 2. mgr. (a) þessarar greinar.

■ 16. gr.

□ Ákvæðum þessa samnings sem varða úrlausn deilna eða kærumála verður beitt að skaðlausu gagnvart öðrum málsmeðferðarleiðum til úrlausnar í deilum eða kærumálum í tengslum við mismunun sem koma fram í öðrum ákvörðunum eða samningum samþykktum af Sameinuðu þjóðunum og sérstökum stofnunum þeirra og skulu ekki hindra að aðildarríki geti leitað annarra málsmeðferðarleiða til úrlausnar ágreiningi samkvæmt almennum eða sérstökum samningum sem í gildi eru á milli þeirra.

III. hluti.

■ 17. gr.

□ 1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll þau ríki sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra, fyrir aðildarríki að samþykktum Alþjóðadómstólsins og fyrir sérhvert það ríki sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur boðið að gerast aðili að samningi þessum.

□ 2. Samningur þessi er háður fullgildingu. Fullgildingarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

■ 18. gr.

□ 1. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir hvert það ríki sem vikið er að í 1. mgr. 17. gr. samningsins.

□ 2. Aðild öðlast gildi með afhendingu aðildarskjals til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

■ 19. gr.

□ 1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag sem tuttugasta og sjöunda fullgildingar- eða aðildarskjalinu er komið í vörslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

□ 2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og sjöunda fullgildingar- eða aðildarskjalinu er komið í vörslu öðlast samningurinn gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjali þess hefur verið komið í vörslu.

■ 20. gr.

□ 1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal taka við og framsenda öllum ríkjum sem eru eða verða síðar aðilar að samningi þessum, fyrirvara sem ríki gera er þau fullgilda samninginn eða gerast aðilar að honum. Hvert það ríki sem andmælir slíkum fyrirvara skal innan níutíu daga frá dagsetningu framsendingar tilkynna aðalframkvæmdastjóra að það fallist ekki á hann.

□ 2. Hvorki er heimilt að gera fyrirvara sem er ósamrýmanlegur markmiðum og tilgangi samnings þessa né fyrirvara sem hefur þau áhrif að hindra starfsemi einhverra þeirra aðila sem stofnaðir eru með samningi þessum. Fyrirvari skal talinn ósamrýmanlegur eða fela í sér hindrun ef að minnsta kosti tveir þriðju aðildarríkja að samningi þessum mótmæla honum.

□ 3. Fyrirvara má afturkalla hvenær sem er með tilkynningu þess efnis til aðalframkvæmdastjóra. Slík tilkynning öðlast gildi á þeim degi er aðalframkvæmdastjóri tekur við henni.

■ 21. gr.

□ Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjóri tekur við tilkynningunni.

■ 22. gr.

□ Sérhverri deilu á milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa sem ekki tekst að leysa með samkomulagi eða eftir málsmeðferðarleiðum sem lýst

er í samningi þessum skal að kröfu einhvers aðila að deilunni vísa til Alþjóðadómstólsins til ákvörðunar, nema deiluaðilar fallist á aðra leið til úrlausnar.

■ 23. gr.

□ 1. Sérhvert aðildarríki getur farið fram á endurskoðun á samningi þessum með skriflegri tilkynningu þess efnis til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

□ 2. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákveður aðgerðir, ef einhverjar verða, í tengslum við slíka beiðni.

■ 24. gr.

□ Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum sem talin eru í 1. mgr. 17. gr. samnings þessa um eftirfarandi atriði:

(a) Undirritanir, fullgildingar og aðildir samkvæmt 17. og 18. gr.

(b) Gildistöku þessa samnings samkvæmt 19. gr.

(c) Erindi og yfirlýsingar sem tekið er við samkvæmt 14., 20. og 23. gr.

(d) Uppsagnir samkvæmt 21. gr.

■ 25. gr.

□ 1. Samningur þessi, þar sem kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spænskur texti eru jafngildir, skal varðveittur í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna.

□ 2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfest afrit samnings þessa til allra ríkja sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 17. gr. samningsins.